



Námsleið fyrir Vinnumálastofnun – Vinnumálaskólinn

Markmið

- Að styrkja starfsmenn Vinnumálastofnunar í störfum sínum með aukinni þekkingu og færni bæði hvað varðar almenna hæfnisþætti og sértæka.
- Að styrkja grunnráðgjafarfærni þannig að starfsmenn geti með aukinni þekkingu veitt árangursríkari leiðsögn og upplýsingargjöf.
- Að þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar um allt land hafi á að skipa hæfum einstaklingum sem tilbúnir eru til að tileinka sér nýjungar og takast á við ný verkefni á hverjum tíma.

Forsendur og fyrirkomulag

Námsleiðin er unnin í samstarfi Vinnumálastofnunar og Fræðslusetursins Starfsmenntar og sérhönnuð fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar um allt land. Áætlað er að ljúka náminu á árinu 2009 og verður fyrirkomulagið með þeim hætti að Starfsmennt heldur utan um framkvæmd námsleiðarinnar í nánu samstarfi við Vinnumálastofnun. Kennt verður á tveimur stöðum á landinu í Reykjavík og á Sauðárkróki. Til Reykjavíkur kemur starfsfólk frá Akranesi, Keflavík og Selfossi, Egilstöðum og Ísafirði. Á öllum þessum starfsstöðvum eru fjöldi þátttakenda of lítil til að halda námskeið í héraði. Sauðárkrókur mun sinna starfsstöðvum á Norðurlandi vestra s.s. Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd og Akureyri. Þúnar verða til lotur svo þátttakendur geti tekið fleiri en einn námsþátt saman. Fræðslusetrið Starfsmennt mun greiða ferða- og dvalarstyrki samkvæmt reglum stjórnar setursins og munu námskeið verða sett þannig upp að hagkvæmustu leiða verði leitað hvað varðar flug og gistingu.

Þátttakendur munu skrá sig til leiks á heimasíðu Starfsmenntar og í hvern námsþátt fyrir sig og að loknum námskeiðum sækja þeir þátttökuskjöl sín þangað. Þá verður einnig hægt að nálgast námsgögn á netinu en einnig á námskeiðsstað.

Námsþættir námsleiðar	Lengd
Að takast á við erfiða einstaklinga	4 klst.
Áhrif sjálfsmats á samskipti í lífi og starfi	4 klst.
Að byggja upp liðsheild	12 klst.
Einelti á vinnustað	4 klst.

Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn	4 klst.
Að tjá sig án kvíða	8 klst.
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	8 klst.
Kynning á Vinnumálastofnun: Helstu verkefni og lagaumhverfi	6 klst.
Streita og starfsprot	4 klst.
Viðtalstækni	4 klst.
Siðfræði og fagmennska í starfi	4 klst.
Miðlun upplýsinga og þjónustulund	4 klst.
Leiðsögn og ráðgjafafærni	8 klst.
Fjarkennt tölvunám Starfsmenntar – að eigin vali	26 klst.
Samtals	100 klst.

Að takast á við erfiða einstaklinga

Markmið

Að starfsmenn Vinnumálastofnunar öðlist þekkingu og þjálfun á því hvernig þeir geti í starfi sínu tekist á við ýmis hegðunarvandamál og erfið samskipti. Fjallað verður um ýmsar tegundir neikvæðra samskipta eins og reiðiviðbrögð, ofsa og geðræn vandamál s.s. geðraskanir og helstu einkenni þunglyndis og kvíða. Tekin verða dæmi af uppbyggilegum viðbrögðum og fjallað um samningatækni sem leið til árangurs.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að:

- Fá upplýsingar um geðsjúkdóma, eins og geðklofa, þunglyndi, oflæti og persónuleikatrúflanir og þekkja til helstu einkenna þessara sjúkdóma
- Átta sig á atriðum sem hafa uppbyggjandi áhrif í umgengni við ráðþega
- Vita hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð hægt er að nota við atferlistruflunum eins og ofbeldi

Námskeiðslengd: 4 klst.

Áhrif sjálfs mats á samskipti í lífi og starfi

Markmið

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist þekkingu á áhrifum sjálfs mats á andlega heilsu, samskipti og árangur í starfi. Farið verður í kenningar um mótun sjálfs mats og einkenni lágs sjálfs mats og hvernig hægt er að treysta grunn heilbrigðrar sjálfs myndar.

Námskeiðslengd: 4 klst.

Að byggja upp liðsheild

Námslýsing

Betur sjá augu en auga og þess vegna getur hópastarf verið frjórri og árangursríkara en framlag eins manns. Innan teyma sem oft eru þverfagleg birtast ýmis sjónarmið og sætta þarf margar og ólíkar skoðanir. Hópastarf hefur því alla burði til að koma til móts við margskonar þarfir. En að sama skapi getur vinna með jafningjum brugðist ef lítil kunnátta er fyrir hendi um hvernig efla megi liðsanda og virkja alla til þátttöku

Í þessu námskeiði verður fjallað um hópasamsetningu og hóphluverk og hvernig auka megi starfsgleði fólks. Umræðan verður tengd við gildi vinnustaðamenningar og góðs starfsanda. Farið er í eftirfarandi atriði:

Vinnupersónuleikar: Fjallað verður um mismunandi persónuleika og hvernig þeir starfa saman. Þátttakendur greina eigið hóphlutverk eða vinnupersónuleika og samstarfsmanna. Einnig er farið í helstu einkenni skilvirkra hópa.

Að leysa ágreining: Rætt verður um mismunandi aðferðir til að leysa ágreining og hvenær gott er að beita hverri og einni. Þátttakendur greina eigin ágreiningsstíl og fara í hagnýtar æfingar til að þjálfa uppbyggilega hegðun í ágreiningi á vinnustað.

Vinnustaðarmenning: Fjallað verður um hvað vinnustaðarmenning er og hvernig hún verður til. Nokkrar menningargerðir eru teknar til umræðu og fjallað um áhrifavalda og breytingar á vinnustaðarmenningu. Farið er ofan í saumana á menningarlíkani Clayton Lafferty og skoðaðar þær tólf menningargerðir sem kenning hans aðgreinir.

Námskeiðslengd: 12 klst.

Einelti á vinnustað

Markmið

Að efla umræðu og vitund meðal starfsfólks um einelti á vinnustað. Einnig að vekja athygli á að einelti er til og skapa umræðu um hvaða leiðir er hægt að fara til að takast á við það.

Námslýsing

Skilgreina einelti og hvað felst í því að vera fórnarlamb, gerandi og áhorfandi. Skoða mismunandi birtingarmyndir eineltis á vinnustað. Hvað er hægt að gera þegar upp kemur einelti á vinnustað? Er til áætlun hjá stofnuninni um hvernig sé brugðist við einelti meðal starfsmanna.

Námskeiðslengd: 4 klst.

Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn

Markmið

- Aukinn skilningur á mikilvægi starfsmannasamtala
- Aukin innsýn í hvernig starfsmannasamtal gengur fyrir sig og hver er tilangurinn með því
- Meira öryggi í samtalinu
- Að þátttakendur nýti sér starfsmannasamtalið sem tæki til starfsþróunar.

Námslýsing

Starfsmannasamtöl eru árangursríkt tæki til stjórnunar og skipulagningar á starfsþróun og endur-og símenntun. Það á bæði við um starfsmenn og stjórnendur

Æskilegt er að starfsmannasamtal fari fram a.m.k. einu sinni á ári. Þá setjast stjórnandi og starfsmaður niður til að ræða frammistöðu með skipulögðum hætti. Í samtalinu er m.a rætt um verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns, frammistöðu hans, líðan á vinnustað, starfsánægju, stjórnun, samskipti, markmið og hvaðeina annað sem stjórnandi og starfsmaður telja að þurfi að ræða. Í samtalinu gefst einnig færi á að skilgreina fræðsluþarfir starfsmanns á komandi tímabili ásamt óskum um starfsþróun. Í starfsmannasamtali draga stjórnandinn og starfsmaðurinn sig meðvitað út úr hinu daglega amstri og ræða málin í stærra samhengi.

Starfsmannasamtalið er tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigið starf og starfsþróun. Samtalið gerir stjórnandanum kleift að vinna með starfsmanninum að betri árangri og veita honum endurgjöf og hvatningu. Starfsmannasamtalinu er ekki ætlað að koma í stað reglulegrar endurgjafar eða umræðna um málefni líðandi stundar.

Á námskeiðinu er farið í ástæður, undirbúning og framkvæmd starfsmannasamtalsins auk þess sem fjallað er um ávinning þess. Þátttakendur undirbúa og æfa eigið starfsmannasamtal í tveggja manna hópum.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestur, umræður, æfingar, hlutverkabjálfun og virk þátttaka.

Námskeiðslengd: 4 klst.

Að tjá sig án kvíða

Markmið

- Að æfast í að tala skýrt og láta röddina hljóma
- Að læra aðferðir til að vinna bug á stressi og þekkja sín viðbrögð
- Að læra að tala við áheyrendur en ekki til þeirra
- Að öðlast meira öryggi í málflutningi.

Aukið samstarf og samráð kallar eftir almennari þátttöku fólks í margvíslegum ákvörðunum. Að geta orðað hugsanir sínar og skoðanir skiptir miklu máli í þannig umhverfi. Margir óttast að standa upp og tala fyrir framan hóp af fólki. Þrátt fyrir að vilja tjá sig þá brestur fólk kjark. Þetta námskeið er fyrir þá en einnig fyrir aðra sem vilja bæta framsögn sína og ná betur til áheyrenda. Á námskeiðinu verður farið í undirstöðu góðrar raddbeitingar og framsagnar s.s. öndun, líkamsstöðu og notkun talfæra. Augnsamband verður æft og framsetning mæltis máls og farið sérstaklega yfir það hvernig á að takast á við stress og yfirvinna það.

Kennsluaðferðir: Hópvinna en líka mikið unnið með einstaklinga. Æfingar og úrvinnsla þeirra.

Námskeiðslengd: 8 klst.

Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd

Markmið

Þátttakendur fá innsýn í helstu ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, tilgang laganna og gildissvið.

Þátttakendur kunni skil á leiðbeiningarskyldu stjórnvalda.

Þátttakendur kunni skil á helstu reglum sem hafa áhrif á kröfur til stjórnvalda um skráningu mála og upplýsinga.

Þátttakendur fá innsýn í helstu reglur sem gilda um aðgang að gögnum í stjórnsýslunni og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Námslýsing

Farið verður í ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Farið verður í helstu ákvæði stjórnsýslulaga og tengsl þeirra við störf

starfsmanna Vinnumálastofnunar. Einnig verður farið í meðferð persónuupplýsinga, þagnarskyldureglur og meðferð og afhendingu trúnaðarupplýsinga.

Námskeiðslengd: 8 klst.

Kynning á Vinnumálastofnun: Helstu verkefni og lagaumhverfi

Námslýsing

Fjallað verður um helstu verkefni stofnunarinnar og lög sem um þau gilda. Fjallað verður um ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og túlkun þeirra. Farið verður yfir gildissvið, markmið og helstu nýmæli. Einnig verður fjallað um gæðahandbók og markmið Vinnumálastofnunar. Í lokin verða gefin upp dæmi um mögulegan feril mála út frá verkferlum, gæðaviðmiðum stofnunar og hvernig mál ferðast um kerfið. Kynning á Greiðslustofu og verklagi og verkaskiptingu milli þjónustuskrifstofa og Greiðslustofu. Kynning á innlendum vinnumarkaði, stöðu og horfum. Kynning á EURES vinnumiðlun, straumum og stefnum á evrópskum vinnumarkaði.

Lengd: 6 klst.

Streita og starfsprot

Markmið

Að starfsmenn Vinnumálastofnunar nýti sér námskeiðið til að fyrirbyggja streitu og kulnun en auka vellíðan og velgengni.

Undirmarkmið

- Að starfsmenn Vinnumálastofnunar þekki áhættuþætti og einkenni streitu og kulnunar í fyrsta lagi hvað varðar eigin hugsun, hegðun og lífsstíl og í öðru lagi hvað varðar starfsumhverfið.
- Að starfsmenn Vinnumálastofnunar hugi að persónulegum forvörnum tengdum hugarfari, hegðun og lífsstíl til þess að stuðla að vellíðan í einkalífi og starfi.
- Að starfsmenn Vinnumálastofnunar verði virkir í að koma með tillögur að úrbótum í starfsumhverfinu.
- Að starfsmenn Vinnumálastofnunar þekki varúðarþjöllur streitu- eða kulnunar-einkenna, sýni fyrirbyggju áður en í óefni er komið en nýti sér annars leiðir til að bregðast við eftir því sem við á.

Námslýsing

Fjallað verður um áhættuþætti, þróun, einkenni og afleiðingar streitu og starfsþrots bæði fyrir starfsmann og starfsumhverfi. Lögð er áhersla á nauðsyn forvarna og fyrirbyggju einstaklinga hvað varðar hugarfar, hegðun og lífstíl en ekki síður mikilvægi þess að starfsmenn séu virkir við að greina og benda á hvað má betur fara í starfsumhverfinu til þess að auka eða stuðla að vellíðan og velgengni starfshópsins.

Bent er á lausnir hvað varðar viðhorf, hugsun og hegðun sem starfsmenn Vinnumálastofnunar geta nýtt sér til að fyrirbyggja streitu og kulnun en auka vellíðan og velgengni í einkalífi og starfi. Leitast er við auka skilning á því hvernig hugsun og hegðun hefur áhrif á tilfinningar og

líðan. Um mikilvægi þess að leita eftir félagslegum stuðningi, nauðsyn þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl og listina að tileinka sér bjartsýni, æðruleysi og ábyrga hegðun í dagsins önn.

Lengd: 4 klst.

Viðtalstækni

Markmið

Markmið námskeiðsins er að rifja upp með starfsmönnum Vinnumálastofnunar grundvallarhugtök í viðtalstækni og siðfræði viðtala. Farið verður í hvernig viðtöl eru sett upp, hlutverk aðila, markmið, virka hlustun og eftirfylgd orða ásamt kostum og takmörkunum viðtala. Sérstaklega verða kenndar aðferðir til að halda faglegri fjarlægð, auka gæði og vera meðvitaður um valdamun.

Námslýsing

Samtöl, líkamstjáning og hlustun eru hugtök sem áhersla er lögð á. Lausnarmiðuð hugsun er líklegri til aðskila árangri en vandamáламиðuð hugsun því er lögð áhersla á að styrkja hana. Leiðir að markmiðunum er margar en þær helstu verða kynntar með fyrirlestrum, verkefnum og umræðum. Verkefni eru mikilvægt tæki til að tileinka sér nýja hugsun og aðferðir. Áhersla er á að tengja fræði og fag með umræðum og dæmum úr veruleika þátttakenda.

Námskeiðslengd: 4 klst.

Miðlun upplýsinga og þjónustulund

Námslýsing

Í árangursríku starfi stofnana skiptir góð og fagmannleg þjónusta höfuðmáli. Á námskeiðinu verður fjallað um lykilatriðið í því að veita frammúrskarandi þjónustu og hvað starfsmenn geta gert til að stuðla að góðri þjónustumenningu á sínum vinnustað. Námið miðar að því að styrkja starfsmann í starfi, efla þjónustu stofnana og nýtast þátttakaendum bæði í vinnu og einkalífi. Þeir þættir sem áhersla verður lögð á eru:

Síma og tölvusvörun:

1. Vinnureglur við símsvörun
2. Mismunandi raddblær og raddþjálfun
3. Skilaboð og meðhöndlun þeirra
4. Vinnureglur við tölvusvörun

Þjónusta, framkoma og viðmót

1. Grunnatriði þjónustuhugsunar
2. Að velja sér viðhorf og viðmót
3. Mikilvæg atriði í samskiptum

Námskeiðslengd: 4 klst.

Siðfræði og fagmennska í starfi

Markmið

Að þátttakendur velti fyrir sér þeim siðferðisspurningum og siðferðilegu álitamálum sem komið geta upp við úrlausn verkefna á starfsstað og hvaða leiðir eru farsælar í þeim efnunum.

Námslýsing

Siðferðileg álitamál eru samofin tilveru okkar hvort sem okkur líkar betur eða ver. Markmiðið með þessu námskeiði er að auka víðsýni þátttakenda, með því að varpa ljósi á ólíkar hliðar á einu og sama málinu, efla skilning á þeim siðferðilegu verðmætum sem óhjákvæmilega stangast á í slíkum málum og geta forgangsraðað þeim útfrá rökstuddu gildismati.

Á námskeiðinu verður fjallað um grunnþætti siðferðisins og m.a. leitast við að svara neðangreindum spurningum: Hvers vegna er mikilvægt að rökstyðja mál sitt?

Hvers vegna er brýnt að samskipti fólks einkennist af gagnkvæmri virðingu?

Hver er mælikvarðinn á rétt og rangt í siðferðismálum?

Hvers vegna eru ýmsar starfsstéttir bundnar þagnarskyldu?

Námskeiðslengd: 4 klst.

Leiðsögn og ráðgjafafærni

Námslýsing

Á námskeiðinu er fjallað um mikilvægi þess að taka vel á móti skjólstaðingum Vinnuálastofnunar og geta greitt leið þeirra af áhuga og elju. Lögð verður áhersla á vinsamlegt viðmót og virðingu fyrir einstaklingi sem leitar sér aðstoðar. Jákvæð tengsl við ráðþega í byrjun auka líkur á farsælum málalýktum og verður á námskeiðinu lögð sérstök áhersla á að geta vísað einstaklingum á viðeigandi úrræði og frekari ráðgjöf. Þátttakendur fá yfirlit yfir helstu úrræði og möguleika atvinnuleitanda á þátttöku í símenntun og starfsþróun. Rætt verður um hæfnisuppbýggingu og sjálfábyrgðar í eigin starfsþróun. Þá verða þátttakendur þjálfaðir í að vera fyrstu tengiliðir og þeir aðilar sem vísa málum áfram til sérfræðinga. Þátttakendur læra aðferðir til að veita fyrstu leiðsögn, miðla upplýsingum og hvetja til náms og öflunar frekari færni. Á námskeiðinu verður einnig rifjuð upp atriði sem móta gott sjálfstraust til að auðvelda samskipti og fordómaleysi í garð ráðþega.

Síðari hluti námskeiðsins fjallar um mikilvægi starfsendurhæfingar og hve mikilvægt er að grípa inn í óvinnufærni sem fyrst. Rætt veður um hugmyndafræði starfsendurhæfingarverkefnisins Hvert og nýjar nálganir á því sviði. Auk þess verður fjallað um atvinnumál fatlaðra-hugmyndafræði og áherslur á vinnumarkað án aðgreiningar

Lengd: 8 klst.

4 klst. Kynning á starfsráðgjöf og mikilvægi starfsþróunar

2 klst. Kynning á starfsendurhæfingu og tilraunaverkefninu Hvert

2 klst. Kynning á atvinnumálum fatlaðra- Vinnumarkaður án aðgreiningar

Tölvur og tölvunotkun- Fjarnám

Þátttakendur geta valið fjarkennt tölvunám sem hentar þeirra getustigi. Hægt er að velja á milli grunnnáms og 6 framhaldsáfanga. Allar nánari upplýsingar og skráning fer fram á heimasíðu Starfsmenntar – www.smennt.is

Námskeiðslengd: 26 klst.